

M-34/2011. Álit 9. nóvember 2011.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 9. nóvember 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-34/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. mars sl. bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna við Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi bæti sér það tjón sem varð þegar bifreið hans var stolið meðan hún var í vörslum seljanda.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. hinn 7. júlí sl., var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var frestur til að skila þeim veittur til 21. júlí. Kæruneftndinni bærust engin andsvör frá seljanda og er álit þetta byggt á þeim gögnum sem lágu fyrir nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi fór með Audi A4 bifreið sína, með skráningarnúmerið xx-000, á bifreiðaverkstæði seljanda og skildi hana þar eftir meðan unnið var að viðgerð hennar. Meðan verkstæðið hafði bifreiðina í vörslum sínum fóru starfsmaður verkstæðisins með hana á bensínstöð. Samkvæmt lögregluskýrslu var tilgangurinn að setja eldsneyti á bílinn. Á meðan starfsmaður verkstæðisins brá sér inn í bensínstöðina skildi hann bílinn eftir með lyklinum í kveikjúlásnum og var bifreiðinni stolið. Bifreiðin fannst 14 klukkustundum síðar í miðbæ Reykjavíkur. Hafði bifreiðin á þessum tíma orðið fyrir tjóni auk þess sem álitsbeiðandi segir munum einnig hafa verið stolið úr bifreiðinni, svo sem geisladiskum og gjafabréfi. Álitsbeiðandi segir starfsmann verkstæðisins hafa reynt að laga og þrifa bílinn eitthvað áður en hann sjálfur hafi fengið að sjá hann. Þá segir álitsbeiðandi jafnframt að seljandi hafi boðist til að bæta sumt af því tjóni sem hlaut en ekki allt, en álitsbeiðandi ber nú svo lítið traust til seljanda að hann vill ekki fara með bifreið sína þangað á ný enda bíllinn hálfgerður „spítalamatur“ eftir atvikið. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið með bifreiðina til Heklu, sem sé umboðsaðili fyrir Audi hér á landi og þeir hafi sagt að bifreiðin væri öökuhæf. Daginn eftir löguðu þeir tölvukerfi í bifreiðinni sem hafði verið í ólagi eftir þjófnaðinn og við það varð bifreiðin öökuhæf að nýju. Álitsbeiðandi vill fá allt tjón sitt bætt úr hendi seljanda, en það sundurliðast svo:

1. Réttingaverkstæði - Tjón að utanverðu:	Krónur	384.122
2. 8-12 geisladiskar:	Krónur ca.	25.000
3. Sjúkrataska	Krónur	Engin fjárhæð tilgreind
4. Ipod Archos 104:	Krónur ca.	15.000

5. Gjafakort Smáralind:	Krónur	5.000
6. Tjón að innanverðu	Krónur	Engin fjárhæð tilgreind
7. Bilanagreining hjá Heklu	Krónur	7.050
8. Bílaleigubíll tímabundið	Krónur	16.800

IV

Andsvör seljanda

Engin andsvör bárust frá seljanda. Álit kærunefndarinnar er byggt á þeim gögnum sem fyrir nefndinni lágu.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur málsaðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl).

Í 6. kafla laga um þjónustukaup er fjallað um tjón á eignum neytanda. Þar segir orðrétt í 1. mgr. 26. gr. laganna:

Hafi hlutur sem vinna á við verið afhentur seljanda þjónustu ber hann áhættu af því ef hlutnum er stolið eða hann skemmist af öðrum óviðráðanlegum orsökum. Þetta gildir þó ekki ef hlutur hefur ekki verið afhentur neytanda á réttum tíma vegna ástæðna sem varða hann.

Ákvæði þetta er afar skýrt og leggur hlutlæga bótaábyrgð á hendur seljanda þjónustu ef hlutur sem neytandi afhendir honum skemmist eða er stolið meðan hann er í vörslum seljandans. Rökin sem liggja að baki eru þau að á meðan hlutur er í vörslum seljanda er það talið standa honum nær að tryggja að ekkert komi fyrir hlutinn eða að honum verði stolið. Auk þess er sérstaklega talað um í athugasemdum með ákvæðinu í lagafrumvarpinu að almennt geti seljendur þjónustu tryggt sig gagnvart atvikum sem þessum, en samkvæmt gögnum málsins virðist seljandi vera með ábyrgðartryggingu. Með framangreindum rökum er það álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa að seljanda beri að bæta álitsbeiðanda það tjón sem hlaust þegar bifreiðinni SE-670 var stolið úr vörslum seljanda.

Álitsbeiðandi hefur sundurgreint tjón sitt í skemmdir á ytra byrði bílsins, innra byrði bílsins, auk tiltekinna muna sem hurfu innan úr bifreiðinni meðan hún var í höndum þeirra sem tóku hana ófrjálsri hendi. Kærunefndin telur að álitsbeiðandi hafi ekki lagt fram gögn sem sanna með nægilega skýrum hætti tjón hans vegna kröfuliða 2 – 6 sem nefndir eru að ofan. Verður því ekki fallist á kröfur hans um skaðabætur vegna kröfuliða 2-6 að svo stöddu.

Álitsbeiðandi hefur lagt fram yfirlit frá verkstæði um áætlaðan kostnað við viðgerðir á ytrabyrði bílsins, en viðgerðin hefur enn ekki farið fram. Telur kærunefndin að álitsbeiðandi hafi með því sýnt fram á tjón sitt á grundvelli 1. kröfuliðarins.

Þá telur nefndin að álitsbeiðandi hafi sýnt fram á tjón sitt samkvæmt 7. og 8. kröfulið og stutt þær kröfur sínar viðhlítandi gögnum. Er niðurstaða málsins sú að seljandi telst skaðabótaskyldur gagnvart álitsbeiðanda í samræmi við kröfuliði 1, 7 og 8, sbr. 1. mgr. 26. gr. þkpl. nr. 42/2000. Ber seljanda því að greiða álitsbeiðanda 407.972 kr.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, 407.972 kr.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir